

Mál nr. 267/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. júlí 2024 ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 14. ágúst 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 15. ágúst 2024 ásamt fylgiskjöllum.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 21. ágúst 2024.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að ekki sé ágreiningur um að hinn 17. mars 2023 hafi orðið tjón á hópferðabifreiðinni B sem er í eigu M, þegar steypuslettur sem stöfuðu frá A lentu á henni og að leiða megi tjónið til notkunar á A. Hins vegar sé ágreiningur um umfang tjónsins.

Í málskoti kemur fram að reynt hafi verið að hreinsa B en sú hreinsun hafi aðeins tekist að litlu leyti. Þurfi að mála stóran hluta á hægri hlið B í tveimur litum auk þess sem skipta þurfi um merkingar á þeirri hlið. Samkvæmt mati óháðra aðila nemi kostnaður þess 830.300 kr. að meðtöldum vsk. en V hafi boðið bætur að fjárhæð 250.000 kr. sem sé ófullnægjandi. Að mati V hafi ástand B fyrir viðgerðina ekki verið slíkt að þörf væri á a gera við, mála eða endurmerkja B en engin ákoma eftir eldra tjón hafi verið á þessum flötum. Er þá áréttað að ekki sé gerð krafa um greiðslu kostnaðar vegna málunum á allri hægri hlið B heldur aðeins á þeim flötum sem steypa slettist á og viðgerðaraðili telur að þurfi að mála. Fallist nefndin ekki á að úrskurða um bætur samkvæmt fyrirbyggjandi mati er farið fram á lægri bætur að álitum, enda ótækt að tjónvaldur beri aðeins lítinn hluta þess kostnaðar sem af tjóninu hlaut.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að á tjónsdegi hafi skráningarnúmer B legið inni frá 1. júní 2022 og séu það enn, og hafi bifreiðin því ekki verið í notkun. B hafi síðast verið skoðað 27. maí 2020 og þá verið ekið 177.497 km. Í kostnaðarmati fyrirtækisins X vegna málunar komi fram að ekki sé tekið tillit til ástands lakksins fyrir tjónið. Fyrir liggi þá yfirlýsing X um að lakk þeirra flata sem um ræðir hafi verið í slæmu ásigkomulagi, tæring hafi verið til staðar, ryð og rispúr. Boð V um bætur að fjárhæð 250.000 kr. taki þá jafnframt mið af því að starfsemi M sé virðisaukaskattskyld. Tjónþoli eigi aðeins að fá raunverulegt fjártjón sitt bætt og ekki hagnast á vátryggingaratburði. Sönnunarbyrði fyrir tjóni og raunverulegu umfangi þess hvíli þá á M. Fyrirbyggjandi kostnaðarmat sýni fram á kostnað fullnaðarviðgerðar en ekkert liggi fyrir um raunverulegan kostnað þess að koma B í sama ástand og hún væri í hefði ekki komið til tjóns.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að B sé sérútbúin fyrir flutning hjólastóla og sé því oft minna notuð en aðrar bifreiðar í eigu M. Númer hópferðabifreiða séu þá oft lögð inn tímabundið með hliðsjón af verkefnastöðu og eigi það ekki að hafa áhrif á úrlausn málsins. Ljóst sé að eini möguleikinn til að bæta tjónið sé að mála og endurmerkja umrædda fleti. Telji V að horfa beri til ástands á lakkinu áður en tjón varð liggi sönnunarbyrði um frádrátt vegna þess hjá V en ekki M. Þrátt fyrir það hafi M aflað kostnaðarmats um mössun á þeim flötum sem um ræðir, en áréttað er að engar ákomur séu á þeim, og hljóði það upp á 42.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Í viðbótarathugasemdum V kemur m.a. fram að sönnunarbyrðin um umfang tjóns hvíli alfarið á M og hafi M ekki sýnt fram á raunverulegt fjártjón sitt. Þá lagfæri mössun ekki tæringu og ryð og aðeins rispúr í glæru, en ekki lakki, bifreiðar.

Álit.

Óumdeilt er meðal aðila að tjón hafi orðið á B og að það verði rakið til notkunar á A. Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli sýni fram á umfang tjóns síns og samkvæmt reglum skaðabótaréttar á tjónþoli að vera eins settur og ef tjón hefði ekki komið til. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A sem nema þeirri fjárhæð að koma B í sama ástand og hún var í fyrir tjónið.

Fyrirliggjandi er kostnaðarmat X við málum þeirra flata á hægri hlið B sem um ræðir svo og vegna endurmerkingar á hægri hlið hennar. Hljóðar kostnaðarmat X upp á 575.000 kr. auk vsk. vegna málunar og kostnaður við lagfæringu merkingar er metinn 95.000 kr. auk vsk. Í fyrirliggjandi tölvupósti X til V segir að lakk á umræddum flötum hafi ekki verið gott fyrir tjón „tæring, ryð og rispur“ hafi verið til staðar á þeim stöðum sem um ræðir. Í ljósi þessa hvílir það á M að sýna fram á kostnað þess að koma A í sambærilegt ástand og fyrir tjón en framangreind lýsing bendir til þess að með málun flatanna yrði ástand hennar betra en ef tjón hefði ekki komið til. Engin frekari gögn eða matsgerðir er þetta varðar liggja þó fyrir nefndinni.

Fyrir liggur að V hefur boðið M 250.000 kr. í bætur vegna tjónsins. Eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni hefur ekki verið sýnt fram á að umfang tjóns M sé meira en því nemur og verður M að bera hallann af því.

Niðurstaða.

M á ekki frekari rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A en þegar hafa verið boðnar fram af hálfu V.

Reykjavík, 10. september 2024.
rafræn undirskrift

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir